

Fundargerð 448

Föstudaginn 24. febrúar 2017 kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til símafundar. Á Ártorgi 1 voru Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri og Sigurður Árnason sérfræðingur á Þróunarsviði. Í síma voru Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Lilja Sigurðardóttir, Oddný María Gunnarsdóttir og Valdimar Hafsteinsson.

Sigríður Jóhannesdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 11:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Aflamark Byggðastofnunar – tillaga vegna Raufarhafnar

1. Aflamark Byggðastofnunar – tillaga vegna Raufarhafnar

AÐ og SÁ lögðu fram minnisblað um úthlutun Aflamarks vegna Raufarhafnar og fóru yfir helstu atriði þess. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti þann 21. október sl. að auglýst skyldu 100 þorskígildistonn vegna Raufarhafnar. Umsóknarfrestur rann út á hádegi fimmtudaginn 10. nóvember sl. og bárust 3 umsóknir. Tillaga er um að gengið verði til samninga við GPG – Seafood og samstarfsaðila á Raufarhöfn um þau 100 þorskígildistonn sem auglýst voru vegna fiskveiðiaranna 2016/2017 og 2017/2018 á grundvelli umsóknar. Jafnframt er lagt til að umsóknum Önundar ehf. og Hólmsteins Helgasonar ehf. verði hafnað.

Til máls tóku HS og EE.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20

Sigurður Árnason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____